



Fundargerð

Svæðisráð vestursvæðis - 91. fundur svæðisráðs vestursvæðis haldinn á fjarfundi, 16. desember 2020, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Ásta Berghildur Ólafsdóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Ásahrepps, Árni Pétur Hilmarsson, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar, Ingibjörg Eiríksdóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamataka, Karl Ingólfsson, aðalfulltrúi Samtaka útivistarfélaga, Sandra Brá Jóhannsdóttir, aðalfulltrúi Skaftárhrepps, Sveinn Hreiðar Jensson, aðalfulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands, Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður, Jóna Björk Jónsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

1. Vestursvæði - af vettvangi stjórnar - 1805025

Formaður kynnir umræðu stjórnarfundar 14. desember.

Af fundi: Farið yfir fundaráætlun næsta árs og hún samþykkt. Umræða um Vonarskarð, lögð fram lögfræðialit frá Sif Konráðsdóttur og Lex, einnig kom fram tillaga um framtíðarskipulag, frá þremur stjórnarmönnum.

Tillagan lauslega kynnt svæðisráði. Karl Ingólfsson óskar bókunar: Það er ámælisvert að formaður svæðisráðs leggi fram tillögur fyrir aðalstjórn varðandi Vonarskarð án þess að ráðfæra sig við svæðisráð. Sérstaklega þegar tillagan gengur þvert á samþykktir svæðisráðs. Árni Pétur og Ingibjörg taka undir bókunina.

2. Skyldur formanns svæðisráðs - 2012015

Fyrir fundinum liggur lögfræðialit um skyldur formanns í framhaldi af 90. fundi svæðisráðs vestursvæðis, 4 lið.

Farið yfir fyrirbyggjandi lögfræðialit.

Ákveðið að boða til fundar aftur nk. mánudag.

Fundargerð ritaði: Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður.

Fundi slitið kl. 14:00.